

2005020013  
6150; 9310

Vegagerðin  
Guðmundur Heiðreksson, deildarstjóri  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

Reykjavík, 18. mars 2005  
/--

**Efni: Norðausturvegur yfir Laxá hjá Laxamýri, Húsavíkurbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 31. janúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Norðaustursvegar yfir Laxá hjá Laxamýri samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Húsavíkurbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Rarik, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Húsavíkurbæ með bréfi dags. 18. febrúar 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. febrúar 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. febrúar 2005, Landgræðslu ríkisins með tölvupósti dags. 23. febrúar 2005, Rarik með tölvupósti dags. 23. febrúar 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. febrúar 2005 og veiðimálastjóra með bréfum dags. 10. febrúar 2005 og 14. mars 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 10., 16., 21., 22., 23., 24. og 25. febrúar 2005 og 15. mars 2005.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað er að byggja nýja tvíbreiða 84 m langa brú yfir Laxá í Aðaldal á Norðausturvegi við Laxamýri um 25 m norðan við núverandi brú. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband á Norðausturvegi, auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Norðurlandi. Fram kemur að í tengslum við brúarbygginguna þurfi að breyta veginum beggja vegna brúarinnar. Gert sé ráð fyrir að vegurinn verði af vegtegund C1, lagður bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða og fyrirhuguð brú yfir Laxá verði hönnuð fyrir sama hámarkshraða. Fram kemur að núverandi vegur sé hættulegur vegna fremur stuttra sjónlengda og krappa beygja og að núverandi brú sem byggð hafi verið 1952 sé einbreið og aðkoma að henni mjög slæm. Í

framlögðum gögnum kemur fram að fyrirhugaður vegur með brú sé samtals um 1,6 km langur en til að auka sjónlengdir á veginum sé gert ráð fyrir að fyrirhuguð veglína víki út af núverandi vegsvæði á um 840 m kafla. Fram kemur að nokkuð djúp skering verði gerð í vegstæðinu við Heiðarenda til að auka sjónlengdir. Ráðgert sé að halli í vegköntum í fyllingum verði yfirleitt 1:3 en 1:2 við brúarenda.

Í framlögðum gögnum kemur fram að norðan vegarins við Heiðarenda sé áningarstaður við minnismerki um Jóhann Sigurjónsson skáld og að fyrirhugaður vegur muni þvera áningarstaðinn. Því verði nýr áningarstaður byggður við minnismerkið, en merkinu sjálfu verði ekki raskað. Gert sé ráð fyrir 6 fólksbílastæðum og 1 rútustæði á áningarstaðnum. Fram kemur að tekið verði tillit til sérstaks byggingarlags núverandi brúar yfir Laxá við hönnun þeirrar nýju og bogaundirstöður verði á bökkum árinna en hugsanlegt sé að verktaki byggi bráðabirgðaundirstöður úti í ánni. Fram kemur að ársdagsumferð á Norðausturvegi um Laxá hafi verið 595 bílar á dag árið 2003 og sé reiknuð 707 bílar á dag árið 2023. Þar sem töluverð umferð fari um svæðið megi gera ráð fyrir að umferð tefjist eitthvað meðan framkvæmdir standi yfir. Í framlögðum gögnum kemur fram að áætluð efnisþörf í fyrirhugaða framkvæmd sé um 37.800 m<sup>3</sup>, þar af þurfi um 400 m<sup>3</sup> í klæðingu, 2.700 m<sup>3</sup> í efra burðarlag, 8.500 m<sup>3</sup> í neðra burðarlag og 26.200 m<sup>3</sup> í fyllingar og fláafleyga. Ráðgert sé að taka efni í fyllingar og fláa úr vegskeringum, efni í neðra burðarlag verði tekið úr námu í landi Þverár og efni í efra burðarlagsefni og klæðningu verði tekið úr Presthvammsnámu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lagt sé til að núverandi brú yfir Laxá hjá Laxamýri verði varðveitt vegna sérstaks byggingarlags. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um nýtingu hennar, en mögulegt verði að reiðmenn, veiðimenn og göngufólk geti nýtt sér hana.

Fram kemur að áætlað sé að framkvæmdir við brúna hefjist eftir lok veiðitíma haustið 2005 og að lokið verði við byggingu hennar og lagningu vegarins haustið 2006. Gert sé ráð fyrir að verkið kosti um 165 milljónir króna.

**Áhrif á lífríki Laxár.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á svæðinu gildi lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ákvæði laganna taki til Mývatns og Laxár með eyjum, hölmum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og beggja vegna Laxár. Fram kemur að lífríki Laxár í Aðaldal sé talið hafa sérstöðu meðal íslenskra vatnakerfa og teljist áin besta urriðaveiðá landsins og með bestu laxveiðiám á landinu. Fram kemur að hugsanlegt sé að við byggingu brúarinnar þurfi verktaki að byggja bráðabirgðaundirstöður í ánni og við það gæti grugg aukist tímabundið. Reiknað sé með því að gruggmyndun verði óveruleg en hún geti haft í för með sér að eitthvað að seiðum og smádýrum drepist. Fram kemur að ef raska þurfi botni árinna verði það gert utan veiði- og hrygningartíma til að minnka verulega áhrif framkvæmdarinnar á lífríki árinna. Eftir að framkvæmdum ljúki telji framkvæmdaraðili að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á Laxá.

Fram kemur að á framkvæmdatíma muni hætta á mengunarslysum á framkvæmdasvæðinu aukast, en til að draga úr hugsanlegum áhrifum á lífríki Laxár og á friðuð svæði mun framkvæmdaraðili ítreka ábyrgð verktaka gagnvart mengunarvarnarræglugerðum í útboðsgögnum.

**Áhrif á gróður, fugla og landslag.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa einhver áhrif á gróður og fuglalíf en reiknað sé með að áhrifin verði óveruleg. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að skeringar verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Fram kemur að vestan Laxár sé uppgræðsluvæði Landgræðslu ríkisins og vegna framkvæmdarinnar þurfi að færa landgræðslugirðingu lítilega til norðurs á um 250 m kafla og hafi samráð vegna þess átt sér stað. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áður en efnistaka í námum hefjist verði lífrænum jarðvegi ýtt í haug og hann geymdur til að nota við frágang á námum eftir að efnistöku lýkur og muni efnistaka og frágangur náma verða í samráði við landeigendur og framkvæmda- og eftirlitssvið Umhverfisstofnunar. Gert sé ráð fyrir að um 19.000 m<sup>3</sup> af umframefni úr vegskeringum verði flutt í gamla námu austan við Mýrarkvísl og jafnað úr því í samráði við landeigendur. Við uppgræðslu verði farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli og sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir litlum áhrifum á landslag þar sem að því hafi nú þegar verið raskað með núverandi vegi og námuvinnslu en helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði þar sem gerð verði skering í Heiðarenda.

**Áhrif á loftgæði og hljóðvist.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdatíma muni loft- og hljóðmengun aukast á svæðinu vegna umferðar og vinnu stórra vinnuvéla, en eftir að framkvæmdum ljúki sé gert sé ráð fyrir að dragi úr loft- og hljóðmengun miðað við núverandi ástand vegna jafnari hæðarlegu vegarins.

**Áhrif á menningarminjar.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áður en framkvæmdir hefjist muni minjavörður Norðurlands eystra gera úttekt á minjum á framkvæmdasvæðinu og lögð verði áhersla á að landi utan framkvæmdasvæðis verði ekki raskað. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornleifar en ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu mun framkvæmdaraðili hafa samráð við minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir.

**Samræmi við skipulagsáætlanir og leyfi.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki liggi fyrir skipulag fyrir svæðið sem vegurinn liggi um og því mælist framkvæmdaraðili til þess að Húsavíkurbær veiti leyfi fyrir framkvæmdinni skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Ennfremur kemur fram að sækja þurfi um leyfi til vega- og brúargerðar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og leita umsagnar skv. lögum nr. 37/1999 til Umhverfisstofnunar. Fram kemur að skv. 43. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði þurfi að sækja um leyfi til veiðimálastjóra vegna byggingar brúar yfir Laxá.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum Húsavíkurbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Rarik, Umhverfisstofnunar og

veiðimálastjóra að ekki sé talið að framkvæmdin muni valda verulegum umhverfisáhrifum og þurfi því ekki að sæta mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á lífríki Laxár.** Veiðimálastjóri bendir á að hefðbundinn veiðitími í Laxá sé frá 1. júní til 15. september og að við hefðbundna brúargerð sé yfirleitt lögð áhersla á að framkvæmdir fari ekki fram á þeim tíma þegar hætta sé á að framkvæmdirnar sjálfar eða afleiðingar þeirra vegna hafi áhrif á veiðiskap í viðkomandi á. Eftir að veiðitíma ljúki hefjist hrygningartími sem standi langt fram á haust og megi almennt segja að ekki sé hætta á truflun á hrygningunni sjálfri, nema laxinn hrygni í næsta nágrenni við brúarstæðið en um það séu oftast takmarkaðar upplýsingar. Veiðimálastjóri telur verulega íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila ef ekki verði heimilt að standa að brúargerð á hrygningartíma, sem staðið getur fram í lok nóvember. Gæta þurfi ákveðins meðalhófs, enda séu áhrif brúargerðar almennt minni heldur en áhrif annarra framkvæma t.d. efnistöku úr árbotni.

Umhverfisstofnun bendir á að sérstaklega þurfi að skoða framkvæmdartíma með tilliti til lífríkis í ánni vegna veiði- og hrygningartíma og niðurgönguseiða.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við umsagnir veiðimálastjóra og Umhverfisstofnunar.

**Áhrif á landslag.** Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að tryggt sé að aflögðum mannvirkjum sé sinnt þannig að þau verði ekki til lýta sökum vanhírðu. Ekki komi fram í skýrslu Vegagerðarinnar hver muni sinna viðhaldi núverandi brúar í framtíðinni. Umhverfisstofnun varpi fram þeirri spurningu hvort hugsanlegt sé að nálægð brúnna spilli því hvernig menn upplifi þessi mannvirki í umhverfi sínu og rýri í raun gildi beggja þeirra mannvirkja sem um ræðir. Ennfremur kemur fram að þrátt fyrir að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum áskilji hún sér allan rétt til að gera athugasemdir við tilhögun brúar- og vegafamkvæmdir á seinni stigum málsins þegar afstaða verður tekin til leyfisveitingar. Vilji stofnunin m.a. benda á nauðsyn þess að vandað verði til landmótunar á svæðinu öllu þ.m.t. milli árinna og landstöpla þannig að bogaundirstöður falli sem best að bökkum árinna og að kannað verði hvort sú brú sem fyrirhugað sé að byggja muni njóta sín betur með eða án núverandi brúar bæði með tilliti til sjónrænna áhrifa og röskunar á landi.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni annast viðhald á núverandi brú, að minnsta kosti fyrst um sinn. Hugsanlegt verði að Vegagerðin muni fela öðrum, sem tryggt geti sambærilegt ástand brúarinnar, viðhaldið síðar. Fram kemur að takmarkað svæði hafi verið mögulegt við val á legu nýrrar veglínu. Valin hafi verið sú leið að leggja nýjan veg sem næst núverandi vegi til að valda sem minnstri röskun á bökkum Laxár. Þar sem núverandi brú geti bæði nýst veiðimönnun til að komast á milli bakka árinna og sem reiðleið fyrir hestamenn hafi verið lögð á það áhersla að hún fái að standa. Útfærsla nýrrar brúar hljóti því að taka ákveðið mið af þeim formum sem fyrir séu á byggingarstað að því marki að það þjóni markmiðum um hagkvæmni og ásættanlegt útlit. Vegagerðin telji ekki ástæðu til að rífa núverandi brú og hafi verið tekið fullt tillit til þess að brýrnar fái notið sín hvor á sinn hátt með vísan til burðarforms og ris/lengdarhlutfalls boga auk þess sem nýja brúin undirstriki léttleika nýrrar kynslóðar í bogabrum. Gert sé ráð fyrir að bakkinn vestan Laxár verði sem mest eins og hann er í dag en

landmótun að austanverðu taki mið af bogaspyrnu, súluundirstöðu og landstöpli.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að litlar líkur séu á að fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu en minjavörður Norðurlands eystra muni skoða framkvæmdasvæðið, vegastæðið og efnistökusvæði áður en framkvæmdir hefjast og gera tillögur um mótvægisáðgerðir gerist þess þörf.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 1,6 km kafla á Norðausturvegi yfir Laxá við Laxamýri ásamt byggingu tvíbreiðrar brúar yfir ána, Húsavíkurbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni auka umferðaröryggi á svæðinu. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum munu áhrif framkvæmdarinnar einkum verða á lífríki Laxár í Aðaldal og ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun bendir á að í ljósi sérstöðu árinna meðal íslenskra vatnakerfa og umsagnar veiðimálastjóra sé mikilvægt að framkvæmdir í ánni fari ekki fram á þeim tíma sem er viðkvæmastur fyrir lífríki árinna, þ.e. meðan á veiðitíma stendur á tímabilinu 1. júní til 15. september. Ef raska þurfi botni árinna verði það gert utan veiði- og hrygningartíma til að minnka verulega áhrif framkvæmdarinnar á lífríki árinna eins og fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um mikilvægi þess að vandað verði til landmótunar á framkvæmdasvæðinu þannig að brúin og vegurinn liggi vel í landi. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Fornleifaverndar ríkisins ekki líklegt að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á fornleifar en bendir á að minjavörður Norðurlands eystra þurfi að skoða framkvæmdasvæðið áður en framkvæmdir hefjast. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Laxár, ásýnd svæðisins, gróður, fugla, loftgæði og hljóðvist verði ekki veruleg verði þeirri framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili leggur til og framangreindum ábendingum Skipulagsstofnunar fylgt.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Norðausturvegar yfir Laxá við Laxamýri, Húsavíkurbæ sé ekki líkleg til að hafa að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Húsavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b, leyfi Umhverfisstofnunar til vega- og brúargerðar skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár og leyfi veiðimálastjóra til brúargerðar skv. 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og

silungsveiði m.s.b.

Framkvæmdin er á svæði þar sem engar skipulagsáætlanir eru í gildi og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. apríl 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Húsavíkurbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Landgræðsla ríkisins, Rarik, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.